

Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur 2022, þriðjudaginn 6. desember

Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.
10. Önnur málefni ef einhver eru.

Kári Haraldur Sölmundarson formaður GO setur fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Hlöðver Kjartansson yrði fundarstjóri og Svavar Geir Svavarsson fundarritari og var það samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri tók við fundinum og fór yfir og kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði um að löglega hefði verið til hans boðað og fundurinn þar með lögmætur aðalfundur, því næst var gengið til dagskrár og bauð fundarstjóri Kára Sölmundarson í ræðustól.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu ári

Kári þakkaði mættum fundargestum en nálægt 90 félagar voru mættir að þessu sinni. Kári talaði um að ársrit félagsins væri aðgengilegt á netinu á heimasíðu fundarins 2022.oddur.is þar sem hægt væri einnig að lesa skýrslur nefnda. Kári fór svo í skýrslu stjórnar og renndi yfir þau málefni sem hæst bára á árinu.

Þakkar fyrir árið, Evrópumót, aukning almenn í golfi, allt svæðið í 100 % afköstum, 400 manna biðlisti og ólíklegt að umsóknir frá 2021 fái allar afgreiðslu fyrir árið 2023. Leyfi til stækkunar í ferli, stutt í að það fari í auglýsingarfarveg hjá Garðabæ og skv. Þeim upplýsingum sem liggja fyrir þegar þessi fundur er haldinn. Kári talaði um að fundargestir hefðu áður heyrt hann vongóðann um framgang mála og enn væri því nokkuð í land og auk þess ætti málið eftir að fara svo í eðlilegan farveg innan Oddfellow reglunar.

Kári þakkaði Höllu Hallgrímsdóttur, stjórnarmanni til 6 ára og Sigurði Inga Halldórssyni eftirlitsmanni GOF í stjórn en hann hefur sinnt því hlutverki í 13 ár. Kári þakkaði einnig starfsmönnum, nefndum og sjálfboðaliðum sérstaklega fyrir þeirra framlag á árinu.

Kári færði Maron Tryggva Bjarnason vélamanni þakkir fyrir vel unnin störf en hann lætur af störfum sökum aldurs 76 ára. Kári bauð einnig velkomna til starfa hana Hrafnhildi Guðjónsdóttur sem kemur inn í starf á skrifstofu og mun leiða íþróttastarfið áfram á næstu árum.

Á árinu tókum við að okkur stórt verkefni, Evrópumót í golfi sem fékk lof á öllum vígstöðvum og sérstaklega fyrir störf sjálfbærliða og þá umgjörð sem við náum að skapa utan um mótið. Kári vildi því sérstaklega þakka þeim sem buðu fram aðstoð sína fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Aukning í golfíþróttinni á landsvísu endurspegladist verulega í okkar umhverfi og við fundum fyrir því að svæðið var oftast vel skipað og erfitt að komast að á flestum stöðum, um 400 manns á biðlista og það gæti alveg þróast þannig á næstu árum að ef við stækum ekki svæðið að þá yrði nauðsynlegt að takmarka aðgengi annara en félagsmanna. Tæplega 42.000 hringir voru spilaðir á árinu. 75 % nýting á rástímum. góður gangur á stækkun Urriðavallar. Ekki í okkar höndum

Kári fór svo yfir framkvæmdir á svæðinu sem unnar eru eftir góðu skipulagi og það eru verkefni sem fylgja okkur ár frá ári og við reynum ávallt að horfa lengra fram í tímann til að vera sem best undirbúin undir komandi ár.

Kári fór yfir stöðu mála varðandi samning við Oddfellowa – samningur ekki nægilega stór, dugir ekki fyrir endurnýjunarþörf, tækjum fjölgar því í eigu Odds eins og sjá má í ársreikningi. Þörf fyrir endurnýjun á hverju ári er ekki undir 20.000.000 og því ljóst að núverandi samningur við GOF sé of lítill til að anna þeirri þörf. Verkefni að tryggja að það bil verði brúað á einhvern hátt.

Lykilverkefni að stækkun vallarins nái í gegn.

Reglur um rástíma voru settar af stjórn fyrir komandi tímabil og þær reglur hertar fyrir komandi ár og sjá má í fjárhagsáætlun að gert er ráð fyrir minni tekjum af slíkum mótum og hópa bókunm.

Kári ræddi um Evrópumótið – hvers vegna við værum að taka slíkt verkefni að okkur. Sagði hann að við sem íþróttafélagi bæri skilda að taka þátt í þeim verkefnum sem eru hluti af verkefnum hreyfingarinnar og geta lyft golfinu á hærra plan.

Við státum sannarlega að því að vera best þegar horft er til baka eftir annasamt sumar og þau meðmæli og góðu orð í okkar garð sem fylgdu því að vera með Urriðavöll í sviðsljósinu í þessu stóra verkefni. Íslandsmót hér næsta sumar, vonumst eftir þátttöku Garðabæjar í þeim kostnaði sem því verkefni fylgir.

Hagnaður – 6 árið í röð , aukið umfang, fleiri félagar.

Gerum vel úr afmælisári, og afmælisferð og íslandsmót og almenn gleði.

..., þakkar fyrir samstarfið

Ræðu Kára má hlusta á í heild sinni á www.2022.oddur.is

Hlökkver tók við og kom orðinu yfir til Þorvalds framkvæmdastjóra sem fór yfir reikninga félagsins

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins lagðir fram

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri fór yfir reikninga GO, fór þar yfir helstu liði í tekjum og gjöldum.

Í útskýringum talaði hann um að félagsgjöld hefðu aukist og fjölgun hefði orðið á félagsmönnum milli ára, áhrif veðurs væru sýnileg í vallartekjum en æfingasvæðið hefði verið

betur nýtt þetta árið. Hagnaður tímabilsins er rúmar 15,7 milljónir. Ársreikningur borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Sumarið ekki það besta en völlurinn vel nýttur sem kallar á aukin rekstrarkostnað.

Rekst

Hagnaður af Evrópumóti er 200.000 kr. – en ekki tekið tillit til kostnaðar við aukið mannahald í kringum mótið. Ýmis vinna sem unnin er í tengslunum við svona mót skilar sér svo beint til betri vallar fyrir félagsmenn.

Kostnaðaraukning við vinavelli vegna Evrópumóts.

Rekstur Urriðavallar – vegna hækkunar aðfanga, áburður og fræ sérstaklega 52 %

Munur í rekstri húsnæðis vegna þess að kostnaður var töluverður vegna endurnýjunar á sal 2021

Fyrsta árið með hitaveitu og það sést smá sparnaður í orkukostnaði

Rekstur véla og tækja hækkar í samræmi við verðlag, olíuhækkanir

Kostnaður við skrifstofu eykst aðeins, tölvu og hugbúnaðarkostnaður hefur aukist mikið af aðkeyptri þjónustu vegna geymslu gagna og tölvukerfa.

Efnahagsreikningur

Nýr kafli í sögu GO, að eignfæra tæki, smákröfur og ýmis smátæki sem við höfum verið að kaupa sjálfir, boltavél, nýr vallareftirlitsbíll. 13.1 milljón, golfbílar 4,1 erum að selja nokkra fyrir 700.000 og látum vellinum í té nokkra bíla til að sinna almennum störfum. Borholan eignfærð – lífæð vallarins.

Rekstrarfjármunir, engar viðskiptakröfur á félagsmenn. Einhverjar vörubirgðir, solokort, boltar í boltavél.

Eigið fé, undanfarin ár hafa skapað ásættanlegri aðstæður í rekstri. Fjárhagslega er golfklúbburinn í góðri stöðu, eiginfé aldrei verið betra og samt nauðsynlegt að halda áfram á sömu leið til að tryggja áframhaldandi þróun og rekstur klúbbsins

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar

Hlökkver fundarstjóri tók við af Þorvaldi og opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Enginn tók til máls, umræðum var lokað og fundarmenn hafa haft tíma til að kynna sér ársreikning, Hlökkver les áritun og stjórnar og skoðunarmanna ásamt áritun framkvæmdastjóra. ársreikningur borinn upp og samþykktur. Samþykktur samhljóða.

4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.

Fyrir liggja tillögur að lagabreytingum sem hafa verið kynntar félagsmönnum með tölvupósti og á heimasíðu og Hlökkver gaf Kára Sölmundarsyni orðið og fór hann yfir lagabreytingar grein fyrir grein. Síðast gerðar breytingar 2016, þessar breytingar í takt við nýja tíma. Almennt litlar breytingar og meira breytt orðalag.

<https://www.oddur.is/tillaga-stjornar-um-breytingar-a-logum-golfklubbsins-odds/>

5. Afgreiðsla tillagna um lagabreytingar

Hlökkver tók tillögur fyrir eins og þær voru kynntar og las upp hverja grein og voru allar lagabreytingar samþykktar.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt og árgjöld ákveðin

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri tók við og fór yfir tekjur og gjöld og útskýringar. Gert er ráð fyrir um 10 % verðbólgu og auknum launakostnaði. Gert ráð fyrir 11 % hækkun á félagsgjöldum. Gerum ekki ráð fyrir fjölgun í klúbbnum. Nauðsynlegt að klúbburinn geti haldið sjó þrátt fyrir að vera í fjárfestingum og nauðsynlegt að geta skilað hagnaði. Að lokinni umfjöllun um áætlunina bauð framkvæmdarstjóri upp á athugasemdir sem voru engar.

Þorvaldur lagði því næst til tillögu að árgjöldum og gaf fundarstjóra orðið.

Hlökkver fundarstjóri tók við og óskaði eftir því að fundurinn afgreiddi tillöguna. Úr sal barst spurning frá Ingibjörgu Bragadóttur um hversu margir væru í félaginu yfir 80 ára aldri eða 85 ára og fékk hún svar frá Þorvaldi að þar væru 9 eldri en 85 og um 25 á milli 80 – 85 ára. Ingibjörg hafði á orði að það væri hugmynd að lækka efra viðmið árgjalda niður í 80 ára og eldri í stað 85 ára og eldri.

Umræðum var svo lokið og Hlökkver fundarstjóri bar upp tillögu um árgjöld og voru þau samþykkt.

7. Kosning stjórnar-og varamanna í stjórn

Hlökkver fór að þar sem lagabreyting á fundi hefði verið samþykkt yrði kosið um tvo varamenn.

Tillaga borinn upp að Kári Haraldur Sölmundarson gegni áfram formennsku, lófaklapp og Kári kjörinn formaður að nýju. Auðun Örn Gylfason situr áfram í stjórn til eins árs.

Kjósa skal um eftirfarandi embætti:

Til stjórnar til tveggja ára:

Til stjórnar til eins árs, þar sem Ægir Vopni Ármannsson hefur dregið sig úr stjórn.

Til varastjórnar í eitt ár um tvö embætti:

Í framboði eru Ágúst Valgeirsson, Árni Traustason, Berglind Rut Hilmarsdóttir, Erik Joost Van Evren, Giovanna Steinvör Cuda og Jón S. Garðarsson.

Frambjóðendum boðið að kynna sig. Spurning úr sal barst varðandi í stjórnarkjörið, hvort ekki þurfi að skilgreina hver er í framboði til 1 árs og hver til 2 ára. Hlökkver sagði að útskýringar á kosningu yrðu kynntar á eftir. Á atkvæðaseðli eru nöfn í stafrófsröð, óskað eftir því að merkt sé við 1 -3 nöfn, þau nöfn sem hljóta flest atkvæði fá kosningu til tveggja ára og það nafn sem hlíur þriðju flest atkvæði er kosið til eins árs. Gengið var til kosningar.

Til tveggja ára, Berglind 49 atkvæði og Giovanna Steinvör 33 atkvæði og þær réttkjörnar til tveggja ára. Jón S. Garðarsson 32 atkvæði og hann kjörinn til 1. Árs.

Til varamann eru tvö framboð, Guðrún Símonardóttir og Páll Þórir Pálsson og teljast þau sjálfkjörin. Halla Bjarnadóttir bar upp spurningu um hvort þeirra væri þá 1. Varamaður og hvort 2. Varamaður og fékk svar frá formanni að það væri eins og þau væru borin upp. Guðrún því 1. Varamaður og Páll 2. Engin önnur framboð og þau sjálfkjörin. Lófaklapp

Klappaði salurinn fyrir nýrri stjórn og telst hún því réttmæt.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara - samþykkt

Gerð er tillaga um óbreytta skipan tveggja skoðunarmanna:

Davíð Einarsson og Ásbjörn Björnsson og til vara Jónas Gestur Jónasson var tillagan samþykkt

9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd

Gerð er tillaga um óbreytta kjörnefnd frá fyrra ári:

Kristjana Þorsteinsdóttir, Guðmundína Ragnarsdóttir og Gunnar Viðar

Tillagan er samþykkt.

10. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál,

Erindi frá Heimi Sigurðssyni – fundarstjóri ber upp erindi Heimis,

„ nauðsynlegt er að dregið verði verulega úr golfmótum, allt að 40 %, til þess að auka fjölda rástíma fyrir félagsmenn Odds „

Kári tekur til máls, þakkar fyrir erindið – óskar eftir því að þetta verði ekki borið upp til samþykktar því búið er að samþykkja fjárhagsáætlun, en talaði um að get væri ráð fyrir samdrætti í mótahaldi og bókunum hópa á komandi starfsári. Kári fór yfir þessi mál með útskýringum og nefndi meðal annars skýringar á upplifun á skorti á rástímum að félagsmönnum hefði fjölgað, spilaðir hringir félagsmanna hafa aukist milli ára að meðaltali úr 27 í 33 og ýmsar aðrar skýringar nefndar. Verkefni stjórnar á árinu mun verða að auka aðgengi félagsmanna að rástímum. Markmið að auka tekjur af þeim tímum sem við seljum fyrirtækjum og hópum og að fækka þeim verulega.

Lagði orð í belg – Viggó V. Sigurðsson, skaut inn í umræðu hugmynd að tillögu að snúa velliðum við.

Lagði orð í belg Ingibjörg Bragadóttir, varðandi nýtingu seinni hlutar vallar, bókun á þann hluta er hún möguleg. Kerfið bíður ekki upp á það.

Lagt orð í belg, Ólafur Örn sagði að það væri alltaf gaman að spila aðra velli og alltaf eðlilegt að það væri umferð annara á okkar golfvöll ef félagsmenn GO vilja spila annars staðar sjálfir endrum og eins.

Gagntillaga Kára – að fella út kosningu á tillögu Heimis.

Hlökkver fundarstjóri tók til máls, lagði til að gagntillaga verði lögð fram og gangi framur, athugasemd barst út sal og Hlökkver sagði fundi að þessi tillaga væri dagskrártillaga sem gengi lengra en tillaga Heimis og henni sé vísað frá og vísað til stjórnar. Tillaga borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Fundargerð skal birt innan tveggja vikna frá fundi.

Bauð þá fundarstjóri nýkjörin formann Kára Sölmundarson í ræðustól.

Kári þakkaði fundarmönnum fyrir kjörið og bauð nýja stjórn upp að fundarborði til að sýna sig. Hlakkar til komandi árs með nýrri stjórn og það er tilhlökkun í formanni að glíma við Íslandsmót á komandi ári.

Þar með er dagskrá aðalfundar lokið klukkan 21:50

**Fundarritari,
Svavar Geir Svavarsson**